

68
30. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum 14. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. á þann veg, að skattálagning samkvæmt lögnum verði falin skattstjóranum í Reykjavík, en um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fari að öðru leyti, eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6 1935.

Af framangreindum ásæðum telur viðskiptamálaráðherra brýna nauðsyn bera til að sett verði með bráðabirgðalögum ákvæði, er breyta 14. gr. fyrrnefndra laga á þann hátt, er að framan segir.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins, og má áfrýja úrskurði hans til fjármálaráðuneytisins. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti, eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

69
21. júní

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 19. maí 1950 var undirritaður í Prag viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt samningi þessum, er gildir frá 1. maí 1950 til 30. apríl 1951, er gert ráð fyrir að Íslendingar selji Tékkum hraðfrystan fisk, sild, fiskimjöl, þorskalýsi, niðursoðnar fiskafurðir, loðskinn og roð, en frá Tékkóslóvakíu er meðal annars gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvöru, skófatnaði, hjólbörðum, pappír, gleri, byggingarvörum, vélum og verkfærum, búsáhöldum o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. júní 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.